E-3/2001

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

22. mars 2002*

(Tilskipun ráðsins nr. 77/187/EBE – Breyting ríkisfyrirtækis í hlutafélag í eigu ríkisins)

Mál E-3/01

BEIÐNI um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, frá Héraðsdómi Reykjavíkur í máli sem þar er rekið,

Alda Viggósdóttir

gegn

Íslandspósti hf

varðandi skýringu EES-samningsins, einkum tilskipun ráðsins nr. 77/187/EBE frá 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar (hér eftir "tilskipunin"), sérstaklega 1. og 3. gr. hennar.

DÓMSTÓLLINN,

skipaður dómurunum Þór Vilhjálmssyni, forseta, Carl Baudenbacher (framsögumanni) og Per Tresselt,

dómritari: Lucien Dedichen

---

* Beiðni um ráðgefandi álit er á íslensku.

hefur með tilliti til skriflegra greinargerða frá:

- Öldu Viggósdóttur. Í fyrirsvari er Stefán Geir Þórisson, hæstaréttarlögmaður, Reykjavík.

- Íslandspósti hf. Í fyrirsvari er Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður, Reykjavík.

- Ríkisstjórn Íslands. Í fyrirsvari sem umboðsmaður er Anna Jóhannsdóttir, lögfræðingur á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

- Eftirlitsstofnun EFTA. Í fyrirsvari sem umboðsmaður er Dóra Sif Tynes, lögfræðingur á lögfræði- og framkvæmdasviði.

- Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna. Í fyrirsvari sem umboðsmenn eru John Forman og Jörn Sack, lögfræðingar hjá lagadeild.

svo og með tilliti til skýrslu framsögumanns,

og munnlegs málflutnings Stefáns Geirs Þórissonar af hálfu Öldu Viggósdóttur, Jóns Sigurðssonar, héraðsdómslögmanns, af hálfu Íslandspósts hf, Önnu Jóhannsdóttur af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar, Dóru Sif Tynes af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA og Jörn Sack af hálfu Framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna

hinn 22. mars 2002, kveðið upp svofelldan

DÓM

I Málsatvik og meðferð málsins

1 Með beiðni sem dagsett var 15. mars 2001 og skráð í málaskrá dómstólsins 22. mars, óskaði Héraðsdómur Reykjavíkur eftir ráðgefandi áliti í máli sem þar er rekið milli Öldu Viggósdóttur (stefnanda) og Íslandspósts hf (stefnda).

2 Stefnandi hóf 1963 störf hjá Póst- og símamálastjórninni (Pósti og síma), sem síðar varð Póst- og símamálastofnunin. Stofnuninni var breytt 1. janúar 1997 í hlutafélag, sem ríkið átti að öllu leyti, sbr. lög nr. 103/1996 um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar. Hlutafélagið var rekið undir heitinu Póstur og sími hf. Þegar hlutafélagið tók við rekstrinum var ráðningarsamningur gerður við stefnanda um starf hennar fyrir það. Eftir þetta,

hinn 1. janúar 1998, var stefndi, Íslandspóstur hf, stofnaður eftir skiptingu Pósts og síma hf í tvö hlutafélög. Stefnandi varð starfsmaður stefnda.

3 Stefnandi var forstöðumaður í pósthúsi. Stefndi leysti hana frá störfum tímabundið 5. október 1999. Stefndi bauð stefnanda starfslokasamning. Eftir honum hefði stefnandi fengið 12 mánaða laun auk orlofsgreiðslu og desemberuppbótar. Stefnandi hafnaði boðinu. Með uppsagnarbréfi 28. desember 1999 sagði stefndi stefnanda upp störfum með þriggja mánaða umsömdum uppsagnarfresti. Þær ástæður voru færðar fram fyrir uppsögninni, að samskipti stefnanda við starfsmenn stefnda og viðskiptavini hefðu ekki verið með viðunandi hætti. Því var beint til stefnanda, að hún sinnti ekki störfum til loka uppsagnarfrestsins. Auk launa þann tíma fékk stefnandi laun í einn mánuð til viðbótar.

4 Í málinu í héraði krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða skaðabætur og miskabætur alls 6.896.120 krónur auk dráttarvaxta eins og nánar er rakið. Að auki krefst stefnandi úr hendi stefnda málskostnaðar og jafngildis virðisaukaskatts. Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara verulegrar lækkunar þeirra. Þá krefst stefndi málskostnaðar sér til handa, en til vara að aðilum sjálfum verði gert að bera kostnað sinn.

5 Héraðsdómur Reykjavíkur ákvað að senda EFTA-dómstólnum beiðni um ráðgefandi álit á þessum spurningum:

> *“1. Ber að skýra ákvæði 1. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 77/187/EBE þannig að það séu eigendaskipti í skilningi ákvæðisins þegar ríkisfyrirtæki er breytt í hlutafélag alfarið í eigu ríkisins?*
>
> *2. Ber að skýra ákvæði 1. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 77/187/EBE þannig að óheimilt sé að skerða með ráðningarsamningi, sem gerður er vegna eigendaskipta í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, þau uppsagnarkjör sem launþegi naut fyrir eigendaskiptin?”*

6 Vísað er til skýrslu framsögumanns um frekari lýsingu löggjafar, atvika, málsmeðferðar og skriflegra greinargerða, sem dómstólnum bárust. Þessi atriði verða ekki rakin eða rædd hér á eftir nema að því leyti sem forsendur dómsins krefjast.

II Löggjöf

EES réttur

7 Í tilskipuninni segir m.a.:

> “1. ÞÁTTUR Gildissvið og skilgreiningar

1. gr.

1. Tilskipun þessi gildir um eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar vegna löglegs afsals eða samruna.

2. Tilskipun þessi gildir þegar fyrirtæki, atvinnurekstur eða hluti atvinnurekstrar, sem skipta á um eigendur að, er staðsettur innan þess yfirráðasvæðis þar sem sáttmálinn gildir.

3. Tilskipun þessi gildir ekki um hafskip.

(…)

2. ÞÁTTUR Réttur launþega tryggður

3. gr.

1. Afsalshafi skal takast á hendur réttindi og skyldur afsalsgjafa í sambandi við ráðningarsamning eða ráðningarsamkomulag, sem var fyrir hendi þann dag sem eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. fara fram, þegar um slík eigendaskipti er að ræða.

Aðildarríkin geta kveðið á um að afsalsgjafinn standi, eftir þann dag er eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. fara fram, ásamt afsalshafa við skuldbindingar sem gerðar hafa verið í sambandi við ráðningarsamning eða ráðningarsamkomulag.

2. Þegar eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. eru frágengin skal afsalshafinn virða þau launakjör og starfsskilyrði, sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi, með sömu skilmálum og giltu fyrir afsalsgjafa þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.

Aðildarríkjunum er heimilt að stytta tímabilið sem launakjörum og starfsskilyrðum er haldið óbreyttum enda vari þetta tímabil að minnsta kosti eitt ár.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um rétt launþega til elli- og örorkulífeyris eða eftirlifendabóta, þegar um er að ræða viðbótarlífeyrissjóði fyrir eina eða fleiri starfsstéttir sem eru utan lögskipaðra almannatryggingakerfa í aðildarríkjunum.

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda hagsmuni launþega og hagsmuni þeirra sem starfa ekki lengur við atvinnurekstur afsalsgjafa á þeim tíma sem gengið er frá eigendaskiptum í skilningi 1. mgr. 1. gr. varðandi áunninn eða væntanlegan rétt þeirra til ellilífeyris, að meðtöldum eftirlifendabótum, í viðbótarlífeyrissjóðum þeim sem um getur í undanfarandi undirgrein.”

Landsréttur

8 Helstu lagaákvæði sem koma til skoðunar í þessu máli eru eftirfarandi: Fyrst ber að nefna lög nr. 77/1993 um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, einkum 1. og 2. gr. Ákvæði 1. mgr. 2. gr. hljóðar svo:

> “Frá og með þeim degi, sem aðilaskipti verða í skilningi 1. mgr. 1. gr., skal nýr eigandi takast á hendur réttindi og skyldur fyrri eigenda samkvæmt ráðningarsamningi og virða þau launakjör og starfsskilyrði sem samþykkt hafa verið í almennum kjarasamningi með sömu skilmálum og giltu fyrir fyrri eiganda þar til samningi verður sagt upp eða hann rennur út eða þar til annar kjarasamningur öðlast gildi eða kemur til framkvæmda.”

9 Næst koma til skoðunar lög nr. 103/1996 *um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar*, einkum 1., 7. og 8. gr. Ákvæði 1. mgr. 8. gr. er svohljóðandi:

> “Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.”

10 Í þriðja lagi er vísað í 4. gr. fyrri laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en greinin hljóðar svo:

> “Nú er maður skipaður í stöðu, og ber þá að líta svo á, að hann skuli gegna stöðunni, þar til eitthvert eftirgreindra atriða kemur til:
>
> 1. að hann brýtur af sér í starfinu, svo að honum beri að víkja úr því;
>
> 2. að hann fullnægir ekki skilyrðum 3. gr. laga þessara;
>
> 3. að hann fær lausn samkv. eigin beiðni;
>
> 4. að hann hefur náð hámarksaldri, sbr. 13. gr.;
>
> 5. að hann flyzt í aðra stöðu hjá ríkinu;
>
> 6. að skipunatími hans samkvæmt tímabundnu skipunarbréfi er runninn út;
>
> 7. að staðan er lögð niður, sbr. 14. gr.”

11 Að síðustu koma til skoðunar gildandi lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, einkum 25. gr., en efni hennar er hið sama og í 4. gr. laga nr. 38/1954, sem getið er að ofan.

III Álit dómstólsins

Fyrsta spurning

12 Með fyrstu spurningunni leitar Héraðsdómur Reykjavíkur svars við því, hvort skýra eigi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar þannig að breyting ríkisfyrirtækis í hlutafélag að fullu í ríkiseign sé eigendaskipti í skilningi ákvæðisins.

13 Stefnandi heldur því fram að skilyrði fyrir beitingu tilskipunarinnar virðist ljós. Sérstaklega heldur hann því fram að þess sé ekki krafist að nýr eigandi komi að fyrirtækinu eða hluta þess. Því sé tilskipuninni ætlað að gilda jafnan þegar skipti verða á rekstraraðila hvort sem einkaaðili eða opinber aðili eigi í hlut.

14 Stefndi heldur því fram, að ekki sé óyggjandi að tilskipunin taki til yfirfærslu réttinda og skyldna ríkisfyrirtækis til hlutafélags í ríkiseign nema því fylgi einhvers konar yfirfærsla eignaréttar. Í málinu, sem fyrir liggur, var breytingin aðeins varðandi rekstrarform, en eigandinn var hinn sami, þ.e. íslenska ríkið.

15 Ennfremur heldur stefndi því fram að stefnandi hafi verið opinber starfsmaður og um hana hafi gilt reglur opinbers réttar, þegar hún starfaði hjá Póst- og símamálastofnuninni. Hafi þetta einkum verið lög um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 70/1996. Að áliti stefnda má ráða þetta af dómi dómstóls Evrópubandalaganna í máli C-343/98 *Collino og Chiappero* [2000] ECR I-6659. Stefndi telur leiða af þessum dómi, að tilskipunin gildi ekki um fyrrverandi starfsmenn Póst- og símamálastofnunar af þeirri ástæðu, að réttarstaða þeirra hafi farið eftir opinberum rétti þegar ætluð eigendaskipti áttu sér stað.

16 Íslenska ríkisstjórnin heldur því fram að stefndi reki opinbera póstþjónustu gegn gjaldi. Það leiði til þess að tilskipunin geti gilt um þær aðstæður sem eru í málinu fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, þó að stefndi sé í ríkiseign, vegna þess að einhliða ákvörðun yfirvalds um að færa ríkisfyrirtæki til annars lögaðila falli undir gildissvið tilskipunarinnar. Engu að síður heldur ríkisstjórnin því fram, að réttarstaða stefnanda hafi ráðist af opinberum rétti, þegar eigendaskiptin áttu sér stað og af þeim sökum verði tilskipuninni ekki beitt í þessu máli.

17 Eftirlitsstofnun EFTA heldur því fram að eigendaskipti gegn gjaldi á einingu, sem reki póstþjónustu fyrir almenning og sé hluti stjórnsýslunnar, til hlutafélags í ríkiseign sem sinnir hinu sama og stjórnsýslustofnunin gerði og hefur til þess tekið við eignum hennar, hvers eðlis sem þær eru, feli í sér eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Þeir einstaklingar sem þetta varðar verða þó upphaflega að hafa notið verndar samkvæmt innlendri vinnulöggjöf.

18 Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna heldur því fram, að breyting á efnahagslegri einingu í ríkiseign í hlutafélag sem er að öllu leyti í eigu ríkisins feli í sér eigendaskipti í skilningi tilskipunarinnar.

19 Dómstóllinn hefur í nokkrum dómum fjallað um hugtakið eigendaskipti í skilningi 1. gr. tilskipunarinnar (sbr. mál E-2/95 *Eidesund* gegn *Stavanger Catering* [1995-1996] EFTA Court Report 3; mál E-2/96 *Ulstein og Røiseng* [1995-1995] EFTA Court Report 65; mál E-3/96 *Ask o.fl.* gegn *ABB Offshore Technology og Aker Offshore Partner* [1997] EFTA Court Report 3).

20 Í þessum dómum eru rakin atriði sem segja til um hvort eigendaskipti í merkingu 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar hafi átt sér stað. Samkvæmt þessum fordæmum verður að skoða öll atvik sem einkenna yfirfærsluna þar á meðal hvers konar

starfsemi eða fyrirtæki er um að ræða, hvort hlutir, svo sem byggingar eða lausafé, eða önnur verðmæti, svo sem einkaleyfi eða þekking, eru yfirfærð. Líta verður á verðmæti eignanna þegar yfirfært er, hvort meginhluti starfsfólks fer í þjónustu hins nýja vinnuveitanda, hvort viðskipamenn taka upp samband við hann, hve svipuð starfsemin er fyrir og eftir yfirfærsluna og hve lengi starfsemin kann að liggja niðri. Allt eru þetta þó aðeins einstök atriði varðandi heildarmat sem fara verður fram, og verða ekki skoðuð hvert fyrir sig (sbr. til dæmis mál E-2/95 *Eidesund*, sem vitnað er í hér á undan, 32. grein; svo og mál C-24/85 *Spijkers* gegn *Benedik* [1986] ECR 1119 í 13. grein).

21 Stefndi sýnist ekki andmæla því að þeim kröfum sem lýst er í síðustu grein sé mætt í málinu svo að nægilegt sé og að skilyrðin fyrir því að tilskipuninni verði beitt séu uppfyllt að því leyti. Engu að síður er það á verksviði Héraðsdóms Reykjavíkur að meta atvik eins og þarf til að ganga úr skugga um hvort skilyrðin séu uppfyllt nægilega í málinu, sem þar er rekið.

22 Stefndi hefur haldið því fram að tilskipunin taki ekki, svo að óyggjandi sé, til eigendaskipta á eignum og skyldum ríkisfyrirtækis í hendur hlutafélags í ríkiseign nema því fylgi yfirfærsla á eignarétti. Heldur stefndi því fram að slík eigendaskipti hafi ekki átt sér stað.

23 Þessari röksemd verður að hafna. Með lagasetningu hefur íslenska ríkið fært póstþjónustu sína frá einingu í ríkiseign til hlutafélags sem er að fullu í eigu ríkisins. Það kemur ekki í veg fyrir beitingu tilskipunarinnar, að yfirfærslan hefur farið fram með lagasetningu en ekki samkomulagi (sbr. mál C-29/91 *Redmond Stichting* gegn *Hendrikus Bartol* [1992] ECR I-3189 í 15. og 17. grein). Ekki kemur sú staðreynd heldur í veg fyrir beitingu tilskipunarinnar, að hlutafélagið er að öllu leyti ríkiseign. Nægilegt er að breyting verður á þeirri persónu eða lögaðila sem ábyrgð ber á rekstrinum og sem kemur fram sem vinnuveitandi gagnvart starfsmönnum fyrirtækisins (sbr. mál C-13/95 *Süzen* gegn *Zehnacker Gebäudereinigung* [1997] ECR I-1259 í 12. gr. og sameinuð mál C-171/94 og C-172/94 *Merckx og Neuhuys* [1996] ECR I-1267 í 28. grein). Að auki hefur dómstóll Evrópubandalaganna komist að þeirri niðurstöðu að tilskipunin geti átt við ástand þar sem fyrirtæki sem rekur fjarskipti til almenningsnota og er stjórnað af opinberum stjórnsýsluaðila er með ákvörðun yfirvalda yfirfært gegn gjaldi til einkaréttarfélags sem stofnað er af öðrum opinberum aðila sem er eigandi alls stofnfjárins (sbr. mál C-343/98 *Collino og Chiappero*, nefnt að framan, í 41. grein).

24 Á grundvelli þess sem nú var sagt og á þeirri forsendu að önnur skilyrði, sem nefnd hafa verið, séu uppfyllt, verður að svara fyrstu spurningunni þannig, að breyting ríkisfyrirtækis í hlutafélag sem að öllu leyti er í eigu ríkisins geti verið eigendaskipti í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar. Hvort yfirfærslan var gegn gjaldi eða ekki skiptir ekki máli í þessu sambandi.

25 Stefndi hefur ennfremur haldið því fram að stefnandi hafi, þegar ætluð eigendaskipti áttu sér stað verið opinber starfsmaður og bundin af opinberum rétti fremur en innlendri vinnulöggjöf, þar sem hún var í þjónustu Póst- og

símamálastofnunarinnar. Vegna þess að stefnandi var opinber starfsmaður og naut aðstöðu samkvæmt opinberum rétti þegar yfirfært var, hljóti að leiða af fyrrgreindum dómi dómstóls Evrópubandalaganna í máli C-343/98 *Collino og Chiappero* að tilskipuninni verður ekki beitt í þessu máli.

26 Dómstóllinn tekur fram, að tilskipuninni er ætlað að koma á samræmingu á vinnurétti að hluta, aðallega með því að tryggja þá vernd sem starfsmenn njóta í landsrétti. Tilgangurinn er því að tryggja, eftir því sem unnt er, að vernd áunninna réttinda samkvæmt landslögum á sviði vinnuréttar haldist óbreytt á vegum viðtakanda og staða fólks, sem eigendaskiptin varða, verði þannig ekki verri eingöngu vegna eigendaskiptanna. Tilskipuninni er hins vegar ekki ætlað að koma á samræmdri vernd innan Evrópubandalagsins með sameiginlegri viðmiðun. (Sjá mál 105/84 *Foreningen af Arbejdsledere i Danmark* gegn *Danmols Inventar* [1985] ECR 2639 í 26. grein, mál C-29/91 *Redmond Stichting* gegn *Hendrikus Bartol*, áður nefnt, í 18. grein; og sameinuð mál C-173/96 og C-247/96 *Sánchez Hidalgo og fleiri* [1998] ECR I-8237 í 24. grein; og C-343/98 *Collino og Chiappero*, áður nefnt, í 37. grein).

27 Af þessu hefur dómstóll Evrópubandalaganna dregið þá ályktun að tilskipunin gildi ekki um þá sem ekki njóta verndar sem launþegar eftir vinnurétti í heimalandi þeirra hvers eðlis sem starf þeirra er (samanber mál C-343/98 *Collino og Chiappero*, áður nefnt, í 38. grein).

28 Þessi skilningur hefur verið staðfestur með tilskipun ráðsins 98/50/EC frá 29. júní 1998 sem breytti tilskipun 77/187/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar (Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, OJ 1998 Nr. L 201, bls. 88). Tilskipun ráðsins 2001/23/EC frá 12. mars 2001 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar (Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, OJ 2001 nr. L 82 bls. 16) er samræmd gerð fyrri tilskipana. Sérstaklega er tekið fram að í tilskipuninni merki “launþegi” hvern þann “sem nýtur verndar sem launþegi í hlutaðeigandi aðildarríki samkvæmt innlendri vinnulöggjöf.” Þetta sértæka orðalag staðfestir að tilskipunin gildir ekki um opinbera starfsmenn, sem eru verndaðir gegn uppsögn í ríkara mæli en leitt getur af innlendri vinnulöggjöf. Þessi tilskipun er nú talin í 18. viðauka við EES-samninginn, tölulið 32d, sbr. ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar 11. desember 2001.

29 Á grundvelli þess, sem sagt hefur verið, er það niðurstaða dómstólsins að tilskipunin gildi aðeins í málinu sem fyrir liggur ef stefnandi var þegar eigendaskiptin áttu sér stað verndaður samkvæmt vinnulöggjöf í heimalandi hans. Einnig leiðir það af þessu, að tilskipunin gildir ekki um aðstæður sem fjallað er um í Héraðsdómi Reykjavíkur, ef stefnandi naut, á þeim tíma sem máli skiptir, þeirrar sérstöku verndar gegn uppsögn sem eingöngu er veitt opinberum starfsmönnum af ástæðum sem tengjast starfi þeirra samkvæmt opinberum rétti eða eðli starfsins. Þetta verður að gilda án tillits til sérstaks eðlis starfa stefnanda í þjónustu Póst- og símamálastofnunar.

30 Héraðsdómur Reykjavíkur verður þess vegna að kanna, hvort stefnandi í þessu máli naut, þegar eigendaskiptin áttu sér stað, þessarar sérstöku verndar, eða hvort vernd hennar gegn uppsögn réðst af innlendri vinnulöggjöf.

31 Héraðsdómur Reykjavíkur verður að byggja könnun sína á öllum réttargerðum, sem gætu átt við stöðu stefnanda, þ.e. lögum, kjarasamningum og samningssambandi milli stefnanda og Póst- og símamálastofnunar. Ekki verður útilokað að staða stefnanda verði talin ráðast að hluta af opinberum rétti og að hluta af innlendri vinnulöggjöf. Ef svo er getur skapast slík staða að mismunandi reglur gildi um mismunandi hluta réttarstöðu stefnanda. Héraðsdómur Reykjavíkur verður að gera þessa könnun á grundvelli landsréttar og taka tillit til aðgreiningar ríkisréttar og innlendrar vinnulöggjafar landsins. Komist héraðsdómurinn að þeirri niðurstöðu að atriði sem varða vernd stefnanda gegn uppsögn séu aðallega á sviði opinbers réttar, miðar hann við, að tilskipuninni verði ekki beitt. Ef héraðsdómurinn kemst hins vegar að þeirri niðurstöðu að þessi atriði séu aðallega á sviði íslenskrar vinnulöggjafar, hlýtur hann að vinna á þeim grundvelli, að tilskipuninni verði beitt.

32 Svar við fyrri spurningunni verður því að vera að breyting á einingu í eigu ríkisins í hlutafélag, sem ríkið á að öllu leyti, getur verið eigendaskipti í skilningi tilskipunar ráðsins 77/187/EBE 14. febrúar 1977 um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar. Til að tilskipunin geti gilt þarf launþegi ennfremur að hafa sem launþegi notið verndar innlendrar vinnulöggjafar. Það kemur í hlut Héraðsdóms Reykjavíkur að meta hvort svo var eða hvort launþeginn naut verndar gegn uppsögn eftir opinberum rétti.

Önnur spurning

33 Í annarri spurningunni óskar Héraðsdómur Reykjavíkur svars við því hvort 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar beri að skýra svo að óheimilt sé í ráðningarsamningi, sem gerður er vegna eigendaskipta í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunarinnar, að mæla fyrir um lakari uppsagnarkjör en þau sem launþegi naut fyrir eigendaskiptin.

34 Dómstóllinn bendir á að svarið við þessari spurningu skiptir aðeins máli ef héraðsdómur kemst að þeirri niðurstöðu að stefnandi í þessu máli sé launþegi sem við eigendaskiptin njóti verndar samkvæmt innlendri vinnulöggjöf og þar af leiðandi samkvæmt tilskipuninni.

35 Stefndi heldur því fram að stefnandi hafi í ráðningarsamningi um starf hennar hjá hinu nýja hlutafélagi fallið frá rétti sínum samkvæmt hinum hagstæðu uppsagnarkjörum.

36 Dómstólinn hefur áður komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé unnt að takmarka yfirfærslu réttinda launþega, jafnvel ekki með samþykki launþegans (mál E-3/95

Langeland gegn *Norske Fabricom* [1995 - 1996] EFTA Court Report 36 í 43. grein; samanber einnig mál 324/86 *Tellerup* gegn *Daddy´s Dance Hall* [1988] ECR 739 í 15. grein).

37 Tilvitnaðir dómar eru einkum byggðir á markmiðum tilskipunarinnar, sem eru ekki þau að bæta kjör launþega vegna eigendaskiptanna, heldur aðeins að vernda uppsöfnuð réttindi hans. Hinn nýi vinnuveitandi getur þess vegna samið við launþega um að breyta kjörum hans að því marki sem heimilt hefði verið á meðan á ráðningarsambandinu við hinn fyrri vinnuveitanda stóð. Á hinn bóginn geta eigendaskiptin sjálf aldrei verið ástæða til breytinga á ráðningarkjörum, þar sem mjög auðvelt væri að öðrum kosti að fara í kringum ófrávíkjanleg ákvæði tilskipunarinnar.

38 Óumdeilt er að samningur sá sem fjallað er um í málinu, sem var grundvöllurinn að réttarstöðu stefnanda eftir breytingu á einingu í eigu ríkisins í hlutafélag með lögum nr. 103/1997 var gerður í tilefni af eigendaskiptunum.

39 Svarið við annarri spurningunni verður því það að launþegi getur ekki fallið frá réttindum sem hann nýtur samkvæmt ófrávíkjanlegum ákvæðum tilskipunar 77/187/EBE. Tilskipunin kemur aftur á móti ekki í veg fyrir að launþegi semji við nýjan vinnuveitanda um að breyta vinnusambandinu að því marki, sem heimilt er samkvæmt þeim reglum landsréttar sem við eiga, við aðrar aðstæður en þær sem tengjast eigendaskiptunum.

IV Málskostnaður

40 Ríkisstjórn Íslands, Eftirlitsstofnun EFTA og Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, sem lagt hafa greinargerðir sínar fyrir dómstólinn, skulu bera sinn málskostnað. Að því er lýtur að aðilum málsins verður að líta á málsmeðferð fyrir EFTA-dómstólnum sem þátt í meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og kemur það í hlut þess dómstóls að kveða á um málskostnað.

Á þessum forsendum telur

DÓMSTÓLLINN

að spurningum þeim, sem Héraðsdómur Reykjavíkur beindi til hans með úrskurði upp kveðnum 15 mars 2001, beri að svara með svohljóðandi ráðgefandi áliti:

Breyting á einingu í eigu ríkisins í hlutafélag, sem ríkið á að öllu leyti, getur verið eigendaskipti í skilningi Tilskipunar ráðsins 77/187/EBE 14. febrúar 1977 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar. Til að tilskipunin geti gilt þarf launþegi ennfremur að hafa sem launþegi notið verndar innlendrar vinnulöggjafar. Það

kemur í hlut Héraðsdóms Reykjavíkur að meta hvort svo var eða hvort launþeginn naut verndar gegn uppsögn eftir opinberum rétti.

Launþegi getur ekki fallið frá réttindum sem hann nýtur samkvæmt ófrávíkjanlegum ákvæðum tilskipunar 77/187/EBE. Tilskipunin kemur aftur á móti ekki í veg fyrir að launþegi semji við nýjan vinnuveitanda um að breyta vinnusambandinu að því marki, sem heimilt er samkvæmt þeim reglum landsréttar sem við eiga, við aðrar aðstæður en þær sem tengjast eigendaskiptunum.

Þór Vilhjálmsson Carl Baudenbacher Per Tresselt

Kveðið upp í heyranda hljóði í Lúxemborg 22. mars 2002.

Lucien Dedichen
Dómritari

Þór Vilhjálmsson
Dómsforseti